



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, FRN24090145
Ráðuneyti	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	20. september 2024

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**

Um er að ræða lögfestingu á mannréttindasamningi, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Þar sem samningurinn hefur þegar verið fullgiltur hér á landi og innleiddur í ýmis lög og lagaframkvæmd er ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs, hvort sem það kunna að vera breytingar á ríkistekjum, útgjöldum eða eignastöðu.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi fjárhagsáhrif í för með sér fyrir ríkissjóðs sbr. lið A hér að framan.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Efni frumvarpsins hefur ekki áhrif á efnahagsmál á þann hátt að það verði áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað eða samkeppni.**

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Með frumvarpinu verður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur í heild sinni, sem mun hafa í för með sér að hægt verður að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum.

Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í verkefnastjórn um landsáætlun um innleiðingu SRFF, sem setti fram aðgerð um lögfestingu samningsins, sbr. aðgerð F.1 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027, sem samþykkt var á Alþingi í mars 2024. Haft verður frekara samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við vinnslu frumvarpsins.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á frelsi til að veita þjónustu.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á reglur um vöru og farþjónustu.

4. Áhrif á byggðalög.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Markmið frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að auka réttaráhrif sammingsins hér á landi og styrkja réttindi fatlaðs fólks. Einnig er gert ráð fyrir því að lögfestingin muni auka vitund og þekkingu á samningnum með almennings, félagasamtaka og opinberra aðila. Má því ætla að lögfestingin hafi jákvæð áhrif á frjáls félagasamtöku og þá ekki síst hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Með lögfestingu sammingsins um réttindi fatlaðs fólks verða réttindi fatlaðs fólks styrkt hér á landi. Mun slíkt hafa jákvæð áhrif á réttindi alls fatlaðs fólks, óháð kyni. Í 5. gr. sammingsins má finna ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun, sem miðar að því að tryggja að fatlað fólk verði ekki fyrir mismunun og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja raunverulegt jafnrétti fyrir fatlað fólk.

Fatlaðar konur og stúlkur eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, þar sem þær eiga í hættu á að verða fyrir fjölþættri mismunun. Í 6. gr. SRFF er að finna sérstakt ákvæði um fatlaðar konur, en þar segir m.a. að gera skuli sérstakar ráðstafanir til þess að fatlaðar konur og stúlkur fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra. Jafnframt skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um. Verði frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks samþykkt mun það því stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og aukinni réttarvernd fyrir fatlaðar konur og stúlkur.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Talið er að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu, enda er markmið þess að bæta réttarstöðu fatlaðs fólks. SRFF miðar m.a. að tryggja fötluðu fólki rétt til þess að njóta besta mögulega heilbrigðis, án mismununar á grundvelli fötlunar.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Talið er að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á menntun, en í 24. gr. SRFF er að finna sérstakt ákvæði um rétt fatlaðs fólks til menntunar.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. Áhrif á stjórnýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

SRFF hefur verið fullgiltur hér á landi. Þannig eru opinberir aðilar þegar skuldbundnir til þess að koma réttindum samningsins í framkvæmd og túlka lög til samræmis við samninginn. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi umtalsverð áhrif á störf ráðuneyta eða stofnana. Hins vegar má ætla að lögfesting samningsins muni auka vitund og þekkingu á samningnum, m.a. meðal opinberra aðila, sem mun hafa jákvæð áhrif á ráðuneyti og stofnanir.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Lögfesting SRFF er fyrst og fremst ætlað að hafa jákvæð áhrif á fatlað fólk og aðstandendur þeirra. Fatlað fólk er afar fjölbreyttur hópur, á öllum aldri, af ólíkum uppruna og með búsetu víðsvegar um landið. Mun frumvarpið því hafa jákvæð áhrif á víðtækan hóp fólks úr mismunandi þjóðfélagshópum.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi bein áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun. Hins vegar má ætla að lögfesting samningsins styrki þekkingu á réttindum fatlaðs fólks og mikilvægi þess að taka tillit til sérstöðu fatlaðs fólks og tryggja þátttöku þeirra þegar mótaðar eru áætlanir og aðgerðir í tengslum við umhverfismál og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur íslenska ríkið þegar skuldbundið sig til þess að koma öllum þeim réttindum sem fram koma í samningnum í framkvæmd. Þá hafa þegar verið gerðar ýmsar breytingar á lögum til að aðlaga þau að samningnum. Er því ekki talið að lögfesting samningsins hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Ef frumvarpið verður að lögum verður hægt að beita SRFF sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum. Kann það að hafa í för með sér ríkara eftirlit með því að fatlað fólk njóti í reynd þeirra réttinda sem þeim eru þegar tryggð í lögum.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Frumvarpið er til þess fallið að styrkja réttindi fatlaðs fólks, auka réttaráhrif samningsins og auka þekkingu á honum meðal almennings, félagasamtaka og opinberra aðila.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?